

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**23. apríl 2024**

**Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um áætlun um útfærslu um byggingarfélag Reykjavíkur**

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagssviði að vinna áætlun að útfærslu byggingarfélags Reykjavíkurborgar. Hlutverk þess félags verði fyrst og fremst að sjá um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis fyrir borgarbúa. Umhverfis- og skipulagssvið geti leitað til annarra sviða eða aðila innan borgarinnar eftir því sem þörf þykir. Áætlunin verði síðan lögð fyrir borgarráð.

**Greinargerð**

Það er neyðarástand á húsnæðismarkaði og nauðsynlegt er að byggja upp samfélag þar sem fólk býr við húsnæðisöryggi. Það er samfélagsleg ábyrgð borgarinnar að taka stærri skref í húsnæðisuppbyggingu og er lagt til að borgin skoði slíkan kost af alvöru.